



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 13. nóvember 2017 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Rebekka Eiríksdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir í forföllum Egils Sigurgerissonar. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1709012 - Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 - 2018, aðalskipulagsbreyting Vestfjarðarvegur frá Bjarkalundi að Skálanesi.

1.1. Umsagnir við skipulagslýsingu.

Sveitarfélagið kynnti og leitaði umsagna og athugasemda við skipulagslýsingu frá 20. september til 27. október. Ópið hús var á skrifstofu Reykhólahrepps mánudaginn 2. október frá kl. 10-14. Alls bárust 7 umsagnir og 3 athugasemdir. Viðbrögð skipulagsnefndar við umsögnum og athugasemdum eru eftirfarandi:

- *Minjastofnun. Sveitarfélagið mun setja skilmála um nauðsyn þess að ljúka nauðsynlegum skráningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast.*
- *Vegagerðin benti á að efnispörf valkostanna væri svipuð. Sveitarfélagið leiðréttir skipulagsgögn í samræmi við ábendingu.*
- *Ferðamálastofa benti á að gera betur grein fyrir tilvísunum í ferðamálastefnu, þ.e. Vegvísi í ferðapjónustu. Sveitarfélagið leiðréttir skipulagsgögn í samræmi við ábendingu.*
- *Náttúrufræðistofnun bendir á mikilvægi þess að ákvarðanir byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúruna. Sveitarfélagið tekur undir þessa ábendingu og hefur skipulagsvinna miðað að því að byggja á sem bestum grunni og aflað frekari gagna til að styðja við ákvörðun sveitarstjórnar.*
- *Skipulagsstofnun benti á ýmsa þætti sem þarf að gera grein fyrir í tillögu að aðalskipulagsbreytingu s.s. samræmi við áætlanir, verndargildi, ítarlegri grein fyrir efnistöku, samlegðaráhrifum, skerpa þarf á viðmiðum í umhverfismati, ásamt ýmsum leiðréttingum sem þarf að gera. Sveitarfélagið leiðréttir og uppfærir skipulagsgögn í samræmi við ábendingu.*
- *Veðurstofan bendir á mikilvægi þess að hafa í huga veðuraðstæður við ákvörðun um breytinguna á aðalskipulagi. Sveitarfélagið mun taka mið af ábendingu við frekari vinnslu skipulagsgagna.*
- *Vesturbyggð gerir ekki athugasemdir.*

- *Sævar Ingi Reynisson bendir á mikilvægi þess að taka tillit til nýtingar fjarðanna sem fyrirhugað er að þvera og gerir kröfu um að brýr verði siglingarhæfar fyrir 200-300 tonna skip. Sveitarfélagið mun taka mið af ábendingu við frekari vinnslu skipulagsgagna.*
- *Reynir Bergsveinsson bendir á mikilvægi nýtingar fjarðanna, sem kunni að skerðast með þverunum fjarða. Reynir færir rök fyrir því af hverju leið D2 sé betri kostur en leið Þ-H. Sveitarfélagið mun taka mið af ábendingu við frekari vinnslu skipulagsgagna.*
- *Gunnlaugur Pétursson og fólk frá Gröf. Mótmælt er leið Þ-H og lagðar fram athugasemdir og áréttingar hvað varðar valkostina. Sveitarfélagið mun taka mið af ábendingu við frekari vinnslu skipulagsgagna.*

Skipulagsnefnd þakkar fyrir framkomnar umsagnir og athugasemdir, sem nýtast í áframhaldandi skipulagsvinnu. Sveitarfélagið mun við mótun aðalskipulagsbreytingu taka mið af þeim upplýsingum sem hafa komið fram. Sveitarfélagið mun nýta framlögð gögn Sævars, Reynis og Gunnlaugs í samanburði valkosta. Samþykkt samhljóða.

1.2. vinnslutillaga nóvember 2017.

Í samræmi við lýsingu verkefnis hefur verið unnið að drögum að aðalskipulagsbreytingu. Drögin eru sett fram sem skipulagsuppdráttur, greinargerð og umhverfisskýrsla. Drögin gera grein fyrir tveimur valkostum um leiðaval Vestfjarðavegar frá Bjarkarlundi að Skálanesi, nýjum efnistöðum og umhverfisáhrifum þessara framkvæmda.

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 telur skipulagsnefnd mikilvægt að kynna forsendur, tillögur að valkostum og umhverfismat fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum áður en tekin er afstaða til valkosta.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að vinnslutillaga að aðalskipulagi verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga eftir að skipulagsráðgjafi hafi uppfært vinnslutillögu eftir ábendingar skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

- 2. 1711010 - Stekkjarlundur 2 197166, athugasemd vegna lagningar vatnsrásar á milli lóða. Erindi frá eigendum Stekkjarlunda 2.**

Skipulagsfulltrúa falið að kanna málið. Samþykkt samhljóða.

- 3. 1701022 - Fundargerðir 397. og 398. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.**

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

- 4. 1604001 - Deiliskipulag Dalur Kvígindisfirði, endurauglýsing skipulags.**

Skipulagstillagan hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir deiliskipulagið Dal í landi Kvígindisfjarðar í Kvígindisfirði. Engar athugasemdir bárust. Samþykkt samhljóða.

- 5. 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból, endurauglýsing skipulags.**

Skipulagstillagan hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir deiliskipulagið Kirkjuból á Bæjarnesi. Engar athugasemdir bárust. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11.06
